

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Álfkonuhvarf 17, leikskólinn Sólhvörf. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 28. júní 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Álfkonuhvarf 17.

Í breytingunni felst að komið er fyrir byggingarreit fyrir færanlega kennslustofu, 135 m² að flatarmáli, innan leikskólalóðarinnar austan leikskólans.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogsbraut 19 og 19B, leikskólinn Urðarhóll. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð Kópavogs 7. júlí 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Kópavogsbraut 19. Í breytingunni felst að lóðin stækkar úr 950 m² í 6.130 m². Auk þess er stofnuð ný lóð, Kópavogsbraut 19B, 315 m² að flatarmáli með byggingarreit fyrir færanlega kennslustofu, 135 m² að flatarmáli.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Skíðasvæðið í Bláfjöllum. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 28. júní 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir skíðasvæðið í Bláfjöllum. Í breytingunni felst tilfærsla á lóni og borsvæði, vegna snjóframleiðslu, um 200 m til norðurs að Bláfjallavegi. Einnig er bætt við skilmála heimild fyrir spennistöð innan byggingarreits fyrir borplan og borholu.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Markavegur 2. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 10. maí 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Markaveg 2. Í breytingunni felst að lóðinni verður skipt í tvær lóðir og á þeim heimilað að byggja parhús með sameiginlegu gerði. Byggingareitur á hvorri lóð verður 120 m² að flatarmáli.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 8. júlí 2022.

Auður D. Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.